



HANDBÓK INNVIÐASJÓÐS

Árleg handbók í tengslum við auglýstan umsóknarfrest

Reglur styrkársins 2027

Stjórn Innviðasjóðs hefur samþykkt handbókina fyrir umsóknir fyrir styrkarið 2027.

Helstu breytingar frá síðustu útgáfu:

- Skerpt var á leiðbeiningum varðandi innviði á vegvísi (kaflar 2.1.5 og 3.5)
- Styrkleikakvarða fagráðs breytt í skalann 1-7 (kafli 4.3)

Efnisyfirlit

1	Almennar upplýsingar varðandi Innviðasjóð	2
1.1	Hlutverk Innviðasjóðs	2
1.2	hverjir geta sótt	2
1.3	Stjórn Innviðasjóðs	2
1.4	Skipun fagráðs	2
1.5	Trúnaðareglur umsýsluaðila	2
1.6	Vanhæfisreglur	3
1.7	Misferli.....	3
1.8	Opið aðgengi að niðurstöðum	3
2	Reglur og leiðbeiningar til umsækjenda	4
2.1	Styrktegundir	4
2.1.1	Tækjakaup	4
2.1.2	Uppbygging innviða.....	4
2.1.3	Uppfærsla og viðhald innviða.....	4
2.1.4	Aðgengi að innviðum.....	4
2.1.5	Innviðir á vegvísi	5
2.2	Viðurkenndur kostnaður.....	5
2.3	Mótframlag umsækjanda	6
3	Meðhöndlun umsókna	7
3.1	Forskoðun umsókna	7
3.2	Faglegt mat á umsóknum	7
3.3	Ákvörðun um styrkveitingu	8
3.4	styrkur: samningar, greiðslur og skýrslur.....	8
3.4.1	Samningur	8
3.4.2	Greiðslur og eftirfylgni	8
3.5	Framvinduskýrslur vegvísaverkefna	9
4	Leiðbeiningar til fagráðsmanna	10
4.1	Rafrænt matskerfi.....	10
4.2	Matsferlið	10
4.3	Fagráðsfundir.....	10

Formáli

Innviðasjóður er opinn samkeppnissjóður sem starfar samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir (nr. 3/2003 með áorðnum breytingum).

Handbók Innviðasjóðs gildir fyrir umsækjendur og fagrað fyrir styrkárið 2027. Markmið hennar er að auka gagnsæi ferlisins fyrir alla sem koma að því, allt frá auglýsingu umsóknarfrests að styrkveitingu og ut anumhaldi um veittan styrk. Í handbókinni eru reglur sjóðsins og ýmsar gagnlegar upplýsingar svo sem um réttindi og skyldur styrkþega. Til að handbókin gegni hlutverki sínu eru allir sem koma að ferlinu (umsækjendur og fagraðsmenn) hvattir til að lesa hana í heild sinni.

Almenn skilyrði

Aðeins er tekið við umsóknum sem skilað er inn í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir þurfa að uppfylla öll skilyrði um styrkhæfi til að fá faglegt mat. Ef í ljós kemur meðan á matsferli stendur að eitt eða fleiri skilyrði eru ekki uppfyllt verður umsókn dregin úr matsferli.

Tímalína

Umsóknarfrestur fyrir umsóknir í Innviðasjóð er auglýstur með a.m.k. sex vikna fyrirvara. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

Áætlaðar tímasetningar fyrir umsýsluferli umsókna fyrir styrkárið má sjá í Töflu 1.

Tafla 1. Áætlaðar tímasetningar	
29. október 2026	Umsóknafresti lýkur
Nóvember-deseember 2026	Fagraðsvinna
Janúar 2027	Styrkúthlutun tilkynnt

Fyrirspurnir

Almennum fyrirspurnum varðandi sjóðinn og umsóknir sem eru í matsferli skal senda á tölvupóstfang sjóðsins innvidasjodur@rannis.is sem sérfræðingar sjóðsins hjá Rannís svara.

1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR VARÐANDI INNVIÐASJÓÐ

1.1 HLOTVERK INNVIÐASJÓÐS

Hlotverk sjóðsins er að styðja við uppbyggingu rannsóknarinnviða á Íslandi. Við úthlutun eru höfð til hliðsjónar viðmið og áherslur sem birtast í stefnu ráðherranefndar um vísindi og nýsköpun um rannsóknarinnviði hverju sinni.

1.2 HVERJIR GETA SÓTT

Innviðasjóður veitir háskólum, opinberum rannsóknastofnunum og fyrirtækjum styrki til kaupa, uppbyggingar eða meiriháttar viðgerða á tækjum, gagnagrunnum, hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í vísindarannsóknum á Íslandi sem og til að greiða kostnað vegna aðgengis að innlendum eða erlendum rannsóknarinnviðum.

Fyrirtæki geta aðeins verið meðumsækjendur og skilyrði er að háskóli eða opinber stofnun sé í forsvari fyrir umsókn og að innviðir sem sótt er um verði í eigu háskóla eða opinberra stofnana (þ.m.t. ohf).

Styrkir Innviðasjóðs eru ætlaðir til uppbyggingar innviða til vísindarannsókna, en ekki fyrir útselda þjónustu í ábataskyni.

1.3 STJÓRN INNVIÐASJÓÐS

Ráðherra skipar fjögurra manna stjórn Innviðasjóðs til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu Vísinda- og nýsköpunarráðs. Að auki skipar ráðherra formann stjórnar án tilnefningar en varaformann úr hópi hinna fjögurra.

Að skipun lokinni eru nöfn stjórnarmanna birt á vef Rannís. Stjórn sjóðsins samþykkir úthlutunarreglur og leiðbeiningar og tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum að fengnum umsögnum fagráðs.

1.4 SKIPUN FAGRÁÐS

Stjórn Innviðasjóðs skipar allt að níu einstaklinga með víðtæka reynslu af rannsóknum og þekkingu á innlendu og erlendu rannsóknarumhverfi í fagráð Innviðasjóðs til tveggja ára í senn. Fagráðsmenn eru valdir á grundvelli sérfræðiþekkingar og miðar samsetning fagráðs að því að skipa fulltrúa frá sem flestum fagsviðum (t.d. félagsvísindum, heilbrigðisvísindum, hugvísindum, listum, menntavísindum, náttúruvísindum, raunvísindum og verkfræði).

Stjórn Innviðasjóðs skipar jafnframt formann fagráðs. Formaður ber ábyrgð á, með aðstoð umsjónarmanns fagráðs, að samhæfa vinnulag fagráðsmanna og að ráðið komist að sameiginlegri niðurstöðu við mat á umsóknum. Formaður og umsjónarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því að umfjöllun og mat á umsóknum á fagráðsfundum sé í samræmi við reglur Innviðasjóðs.

1.5 TRÚNAÐAREGLUR UMSÝSLUAÐILA

Meðlimir stjórnar Innviðasjóðs, fagráðs Innviðasjóðs, sérfræðingar sjóðsins og aðrir sem koma að umsýslu umsókna í sjóðinn eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir, fylgigögn þeirra og matsblöð sem trúnaðarmál. Þessi trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila. Afrit skulu aðeins vera útbúin af þessum gögnum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats. Að matsferli loknu skal vista umsóknir og matsblöð í rafrænu skjalasafni Rannís. Fagráð Innviðasjóðs er meðvitað um að birting eða ólöglegt nýting trúnaðarupplýsinga getur valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi

upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

1.6 VANHÆFISREGLUR

Fagráðsmenn og stjórnarmenn skulu teljast vanhæfir vegna tiltekinnar umsóknar ef eitthvað eftirfarandi tilvika á við:

- Almennar vanhæfisástæður sem taldar eru upp í stjórnsýslulögum (nr. 37/1993).
- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða fagráðsmanns eða stjórnarmanns við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni eða náin samvinna milli fagráðsmanns eða stjórnarmanns og umsækjanda.
- Fagráðsmenn geta ekki verið í forsvari fyrir umsókn í Innviðasjóð.
- Ef stjórnarmaður er þátttakandi í umsókn þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkárs og þarf þá að kalla inn varamann.

Fagráðsmenn og stjórnarmenn sem teljast vanhæfir samkvæmt ofanskráðu þurfa að víkja af fundi þegar fjallað er um viðkomandi umsókn og ákvörðun um styrk er tekin. Þetta skal skráð í fundargerðir.

Ef viðkomandi stjórnarmaður eða fagráðsmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá sömu stofnun eða fyrirtæki er til umfjöllunar, verður að meta hversu náin tengsl eru við þá starfsmenn sem standa að umsókn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Stjórnarmenn og fagráðsmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi við að fjalla um umsóknir í Innviðasjóð.

1.7 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn eða styrkta innviði verður viðkomandi stofnun og stjórn Innviðasjóðs gert viðvart án undantekninga.

Vakni í matsferlinu grunur um misferli verður umsókn dregin út úr ferlinu meðan rannsakað er hvort grunurinn reynist á rökum reistur. Reynist allt með felldu verður umsóknin sett í matsferli á ný. Sannist misferli verður umsókn vísað frá mati og stofnun forsvarsmanns umsóknar gerð ábyrg fyrir viðeigandi ráðstöfunum. Stjórn Innviðasjóðs getur einnig haft frumkvæði að sjálfstæðri rannsókn á ásökunum um misferli.

Komist upp um misferli í umsóknarferli, eftir styrkveitingu eða eftir að styrkur hefur verið greiddur getur stjórn Innviðasjóðs ákveðið sérstök viðurlög svo sem að krafist verði endurgreiðslu hluta eða alls styrkfjár eða að umsækjanda verði meinað að sækja í sjóðinn.

1.8 OPIÐ AÐGENGI AÐ NIÐURSTÖÐUM

Samkvæmt 10. gr laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003 með áorðnum breytingum, skal birta niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru með opinberu fé í opnum aðgangi. Niðurstöður rannsókna sem byggja á nýtingu rannsóknarinnviða sem kostaðir eru af Innviðasjóði skulu birtar í opnu aðgangi eða í rafrænu varðveislusafni samhliða birtingu í hefðbundnu áskriftartímariti. Lokaútgáfa ritrýnds handrits skal send varðveislusafni um leið og greinin hefur verið samþykkt til birtingar. Ef tímaritið fer fram á biðtíma áður en greinin er birt í opnu aðgangi, skal greinin birt sjálfkrafa að þeim biðtíma loknum.

Opið aðgangi á aðeins við um birtingar niðurstaðna í ritrýndum vísindatímaritum, ekki um bækur eða bókarkafla.

2 REGLUR OG LEIÐBEININGAR TIL UMSÆKJENDA

2.1 STYRKTEGUNDIR

Boðið er upp á eftirfarandi styrki:

- til tækjakaupa
- til uppbyggingar á innviðum
- til uppfærslu og viðhalds á eldri innviðum
- til að fjármagna kostnað vegna aðgengis að innlendum eða erlendum rannsóknarinnviðum
- til innviða á Vegvísi um rannsóknarinnviði

Framlag Innviðasjóðs skal að lágmarki vera 3 milljónir króna vegna tækjakaupa, uppbyggingar, uppfærslu eða viðhalds, en ekkert lágmark er á aðgengisstyrkjum. Styrkir til tækjakaupa, uppbyggingar, uppfærslu, viðhalds eða aðgengis eru ekki ætlaðar til verkefna sem falla undir vegvísi. Þeir umsækjendur sem standa að vegvísaverkefnum skulu fella umsóknir undir verkefni á vegvísi, nema sérstök rökstudd ástæða sé fyrir því að innviðurinn falli ekki undir vegvísi.

2.1.1 TÆKJAKAUP

Tækjakaupastyrkir eru ætlaðir til kaupa á sérhæfðum rannsóknartækjum. Miðað er við að styrkt séu kaup á dýru tæki eða tækjasamstæðu, en ekki mörgum smátækjum. Ef sótt er um fleiri en eitt tæki skal sýnt fram á að tækin nýtist ekki nema sem ein heild (tækjasamstæða). Þetta ákvæði á þó ekki við um umsóknir vegna innviða á vegvísi. Ekki er hægt að sækja um styrk til uppsetningar á tæki eða tækjasamstæðu sem kostar undir 3 milljónum. Ef sótt er um mörg tæki skal forgangsraða kostnaðinum þannig að hægt verði að veita hluta af styrknum á viðkomandi styrkari.

2.1.2 UPPBYGGING INNVIÐA

Þessi styrktegund er ætluð til að fjármagna uppbyggingu innviða svo sem tækjasmíði, uppsetningu sérhæfðrar aðstöðu sem og opnun og/eða uppbyggingu á gagnagrunnum og rafrænum innviðum (e-infrastructures, s.s. gagnageymslum, tölvum, háhraðatengingum og samskiptanetum). Hvað varðar uppbyggingu gagnagrunna styrkir sjóðurinn einkum uppsetningu þeirra, hönnun eða kaup á gagnagrunnshugbúnaði og/eða aðlögun opins hugbúnaðar að sérhæfðum kröfum. Sjóðurinn styrkir einnig kaup á tölvum og gagnageymslum fyrir gagnagrunna en mælst er til að nýta frekar aðstöðu miðlægra gagnagrunnskerfa ef hægt er. Uppbyggingarstyrkurinn er ekki ætlaður til að sækja um uppbyggingu innviðakjarna í heild sinni, þannig uppbyggingu þarf að sækja um á vegvísi.

2.1.3 UPPFÆRSLA OG VIÐHALD INNVIÐA

Þessi styrktegund er ætluð til uppfærslu, viðhalds og viðgerða á innviðum sem þegar eru til staðar, t.d. tækjabúnaði, gagnagrunnum eða öðrum rafrænum innviðum. Getur falið í sér kaup á varahlutum vegna viðhalds.

2.1.4 AÐGENGI AÐ INNVIÐUM

Þessi styrktegund er ætluð til að fjármagna kostnað vegna aðgengis, þ.m.t. ferðakostnað, að rannsóknarinnviðum innanlands eða erlendis, svo sem tækjabúnaði, sérhæfðu rannsóknarhúsnæði, gagnagrunnum og hugbúnaði. Ekkert lágmark er á aðgengisstyrk.

2.1.5 INNVIÐIR Á VEGVÍSI

Einungis verkefni sem hlutu framgang á Veggvísi um rannsóknarinnviði árið 2025 geta sótt um innviði á veggvísi.

Alla innviði innan sama innviðakjarna á veggvísi skal sækja um í einni umsókn sem getur falið í sér fleiri en eina af ofan nefndum styrkttegundum. Sækja skal um fyrir áætlaðri uppbyggingu innviðanna á viðkomandi styrkári. Ef sótt er um innviði sem ekki hefur verið forgangsraðað á veggvísi skal gera grein fyrir ástæðu breyttrar áætlunar. Ef sótt er um mörg tæki og/eða skref í uppbyggingunni skal forgangsraða kostnaðinum við uppbygginguna þannig að hægt verði að veita hluta af umsóttri upphæð á viðkomandi styrkári. Forgangsraða skal hverri einingu fyrir sig (t.d. tæki eða gagnagrunnur) í sér undirkafla. Ekki er heimilt að sameina óskyldar einingar undir sama lið forgangsraðunar.

Innviðir á veggvísi fá ekki sjálfkrafa úthlutun. Fagráð skal meta hvort framvinduskýrsla (sjá kafla 3.5) endurspeglir þann árangur sem vænta mátti af fyrri úthlutunum. Sér í lagi skal fagráð meta hvort áætlanir um fjárfestingu hafi gengið eftir tímanlega, að innviðir séu aðgengilegir vísindasamfélaginu með einföldum hætti (t.d. gegnum Calira), að samstarf um nýtingu hafi raungerst og að þeir innviðir sem byggðir hafi verið með stuðningi innviðasjóðs hafi leitt af ásættanlegum fjölda mælanlegra afurða, þ.m.t. ritrýnd verk, samstarf og afurðir samstarfs.

2.2 VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR

Styrkur getur numið allt að 75% af heildarkostnaði innviða án virðisaukaskatts. Ekki er hægt að sækja um styrk fyrir kostnaði sem greiddur hefur verið áður en styrkur er veittur.

Bindandi verðtilboð frá framleiðanda eða þjónustuaðila skal fylgja með umsókn til staðfestingar á umbeðinni fjárhæð. Ef umsókn byggir á fleiru en einu tilboði skal vera skýrt til hvaða kostnaðarliðar hvert tilboð heyrir og samræmi vera þar á milli. Verðlistar eru ekki teknir gildir sem verðtilboð. Sendingarkostnaður getur numið allt að 10% af heildarkostnaði og þarf hann að vera tiltekinn í verðtilboði. Kostnaður sem fer yfir þetta hlutfall er ekki styrktur og telst ekki mótframlag.

Ef sótt er um kostnað vegna útboðsgerðar hjá ríkiskaupum vegna dýrra tækja skal fylgja með staðfesting á kostnaði.

Hægt er að sækja um allt að 5 milljónum króna í launakostnað vegna uppsetningar á tækjum. Launaupphæð getur þó ekki verið hærri en sem nemur verði tækjanna.

Ef uppbygging og/eða uppfærsla innviða er að stórum hluta í formi vinnu (t.d. tækjasmíði eða hugbúnaðargerð) er hægt að sækja um aukinn launakostnað enda fylgi umsókninni sundurliðuð áætlun um launakostnaðinn og rökstuðningur um nauðsyn vinnunnar.

Að hámarki má sækja um 75% launakostnaðar. Í sundurliðaðri verkáætlun með launaumsókn þarf að tilgreina fjölda vinnustunda fyrir hvern verkþátt sem og heildarlaunakostnað verksins.

Verði breytingar á heildarkostnaði t.d. vegna betra tilboðs frá seljanda breytist framlag Innviðasjóðs hlutfallslega sem því nemur. Verði meiri en 5% hækkun á heildarkostnaði við kaup á innviðum miðað við verð í umsókn ber styrkþega að óska eftir slíkri hækkun frá stjórn Innviðasjóðs áður en gengið er formlega frá kaupum.

Hætti styrkþegi við fyrirhuguð kaup verður styrkur afskrifaður. Ekki er hægt að nýta veittan styrk til annarra kaupa en þeirra sem upphaflega var sótt um fyrir nema fyrir því séu sterk rök og samþykki fáið frá stjórn Innviðasjóðs.

Í umsókn skal gerð grein fyrir rekstri þeirra innviða sem sótt er um framlag til. Fram komi áætlaður rekstrarkostnaður og fjármögnun hans, reglur um aðgengi, áætluð gjaldtaka af notkun ef við á, þjónustupörf við

bæði innviðina og notendur og hvernig henni verður mætt, hvaða kröfur verði gerðar til notenda, þjálfun o.fl. Ekki skal reikna afskriftir með rekstrarkostnaði og gjaldtöku. Allar stofnanir sem standa að umsókninni skulu skila inn staðfestingu á þátttöku þar sem hlutverk viðkomandi stofnunar við rekstur innviðanna er tilgreint (hýsing, aðkoma að rekstri, nýting eða annað). Gera skal skýra grein fyrir hvernig eignarhaldi á innviðnum og samstarfi um rekstur verður háttað. Ef um samstarf við fyrirtæki er að ræða skal eignarhald vera hjá háskóla eða opinberri stofnun.

Umsóknir sem ekki uppfylla öll ofanefnd skilyrði, t.d. ef nauðsynleg fylgigögn vantar, verður vísað frá.

2.3 MÓTFRAMLAG UMSÆKJANDA

Mótframlag skal vera að lágmarki 25% kostnaðar. Mótframlag verður að vera tryggt við umsóknarfrest og yfirlýsing þess efnis skal fylgja með umsókn.

Mótframlag er skilgreint sem hluti kaupverðs eða hluti launakostnaðar. Launakostnaður getur ekki komið sem mótframlag vegna tækjakaupa. Afsláttur á tækjum, vinnu eða aðstöðu reiknast ekki sem mótframlag.

Tæki sem keypt eru fyrir styrk úr Innviðasjóði eru undanþegin virðisaukaskatti af framlagi sjóðsins til kaupanna (sjá 35. grein reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi). Niðurfelling hluta virðisaukaskatts getur ekki talist sem mótframlag.

Athugið að mótframlag er að jafnaði ekki undanþegið virðisaukaskatti og bera umsækjendur ábyrgð á því að reikna hann ofan á mótframlagsupphæðina.

Umsækjendur bera alfarið ábyrgð á að mótframlag standist kröfur sjóðsins.

3 MEÐHÖNDLUN UMSÓKNA

3.1 FORSKOÐUN UMSÓKNA

Umsóknir eru forskoðaðar af sérfræðingum Innviðasjóðs hjá Rannís. Ófullgerðum umsóknum og umsóknum þar sem ekki hefur verið farið eftir reglum sjóðsins er vísað frá án frekara mats og er umsækjanda tilkynnt um slíkt.

Helstu ástæður þess að umsókn er vísað frá eru eftirfarandi (listinn er ekki tæmandi):

- Rétt sniðmát fyrir verkefnislýsingu ekki notað
- Sniðmáti fyrir verkefnislýsingu hefur verið breytt
- Umsókn er ófullgerð
- Nauðsynleg fylgigögn vantar eða þau uppfylla ekki reglur sjóðsins
- Umsækjandi hefur haft samband við fagráð eða stjórn
- Grunur um misferli

3.2 FAGLEGT MAT Á UMSÓKNUM

Hlutverk fagráðs Innviðasjóðs er að leggja faglegt mat á gæði umsókna m.t.t. nokkurra meginþátta. Má þar nefna mikilvægi innviða fyrir framfarir í rannsóknnum og nýsköpun á Íslandi sem og fyrir rannsóknir þeirra sem að umsókninni standa, aðgengi annarra vísindamanna að innviðunum, raunhæfi kostnaðar- og rekstraráætlunar og vísindalega virkni þeirra sem nýta munu innviðina. Sjá kafla 4: Leiðbeiningar til fagráðsmanna.

Við mat á umsóknum tekur fagráð mið af eftirfarandi þáttum:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknnum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda. Hversu mikilvægir eru innviðirnir fyrir rannsóknir í landinu? Eru áframhaldandi rannsóknir á fræðasviðinu háðar búnaðinum og hvernig voru rannsóknirnar framkvæmdar áður? Hverjar eru líkurnar á því að innviðirnir nýtist til þess sem fram kemur í umsókn? Geta innviðirnir nýst fleiri en einu fræðasviði?
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist rannsóknarverkefnum sem Rannsóknasjóður, Markáætlun eða aðrir opinberir samkeppnissjóðir styrkja. Er verið að byggja upp aðstöðu fyrir rannsóknir sem ekki hefur verið hægt að stunda áður á Íslandi? Munu innviðirnir opna nýja möguleika fyrir rannsóknir á fræðasviðinu (og/eða víðar)?
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti. Hversu margir standa að umsókninni og er um samstarf að ræða? Nýtast innviðirnir öllum stofnunum sem standa að umsókninni? Munu þeir nýtast fleiri vísindamönnum en þeim sem þar starfa?
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar.
- Það styrkir umsókn ef innviðirnir auka möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviðum og leiða til nýliðunar meðal vísinda- og fræðimanna.
- Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttað.

Vinsamlegast athugið að umsækjendur eiga ekki undir nokkrum kringumstæðum að hafa samband við fagráðs- eða stjórnarmenn meðan mat umsókna fer fram. Allar fyrirsurnir skulu sendar á tölvupóstfang sjóðsins innvidasjodur@rannis.is. Brot á þessu ákvæði leiðir til frávísunar umsóknar.

3.3 ÁKVÖRÐUN UM STYRKVEITINGU

Eftir að fagráð hefur lokið störfum fundar formaður fagráðsins með stjórn Innviðasjóðs þar sem hann gerir grein fyrir fagráðsvinnunni og hvort álitamál hafi komið upp við mat umsókna. Formaður gerir sérstaklega grein fyrir umsóknum með hæstu einkunn (sjá Töflu 2). Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárveitingar úr Innviðasjóði að fengnum umsögnum fagráðs. Stjórnin leitar ráðgjafar umfram það sem fagráð sjóðsins veitir ef þurfa þykir. Til viðbótar faglega matinu, sem fagráð skilar, skal stjórn Innviðasjóðs miða umfjöllun sína við stefnu um vísindi, tækniþróun og nýsköpun, sem samþykkt er af ráðherranefnd um vísindi og nýsköpun og fjárframlögum í sjóðinn. Umsóknir um innviði á vegvísi eru í forgangi við úthlutun.

Opið aðgengi að innviðunum er skilyrði fyrir úthlutun. Umsækjendum er einnig bent á að kynna sér aðgengi að innviðum sem þegar eru til staðar, til að mynda í innviðakjörnum sem þegar eru á vegvísi. Ef tilsvarandi innviðir eru aðgengilegir annars staðar þarf að gera sérstaklega grein fyrir því ef ekki er hægt að nýta þá.

Þegar úthlutun liggur fyrir fá umsækjendur send svarbréf með lokamati fagráðs.

Ákvörðun stjórnar um styrkveitingar úr Innviðasjóði eru endanlegar. Samkvæmt 4. grein laga nr. 3 frá 2003 sæta ákvarðanir stjórnar Innviðasjóðs um styrkveitingu eða höfnun ekki stjórnarsýslukæru.

3.4 STYRKUR: SAMNINGAR, GREIÐSLUR OG SKÝRSLUR

Styrkveitingar eru birtar á heimasíðu Innviðasjóðs og þar er einnig hægt að leita í gagnagrunni sjóðsins að fyrri úthlutunum.

3.4.1 SAMNINGUR

Innviðasjóður veitir styrki til háskóla, opinberra rannsóknastofnana og fyrirtækja í eigu hins opinbera. Áður en samningur er undirritaður þurfa þær stofnanir og/eða fyrirtæki sem standa að innviðunum að gera með sér samstarfssamning þar sem fram kemur hvar innviðirnir verða staðsettir sem og hvernig aðgengi og rekstri verður háttað. Í samstarfssamningnum skal einnig koma fram hvernig framkvæmd og rekstur verða fjármögnuð í heild.

Rannís gerir, í umboði stjórnar, samning við fulltrúa háskóla eða opinberrar stofnunar sem er í forsvari fyrir umsóknina (forsvarsmann umsóknar). Forsvarismaður umsóknar skal hafa gengið frá samningi fyrir 1. apríl árið sem tilkynnt er um styrk. Hafi ekki verið gengið frá samningi fyrir þann tíma færast styrkurinn aftur til Innviðasjóðs. Styrkir eru aðeins greiddir inn á bankareikning íslenskra stofnana, þ.e. háskóla eða opinberar stofnunar sem er í forsvari fyrir umsóknina.

Hægt er að sækja um frest til að ganga frá tækjakaupum en slíkt verður að gera formlega fyrir 1. apríl úthlutunarárs.

3.4.2 GREIÐSLUR OG EFTIRFYLGNI

Samræmi skal vera á milli reikninga sem sendir eru Innviðasjóði og sundurliðunar í umsókn þannig að enginn vafi leiki á um hvaða hluta styrksins er að ræða.

Innviðasjóður greiðir út sinn hluta fjármögnunar þegar reikningar og afrit af greiðslustaðfestingu úr heimabanka eða afrit af færslu úr bókhaldskerfi stofnunar hefur borist. Útfyllt greiðslueyðublað sjóðsins skal fylgja með greiðslubeiðni. Af hverjum reikningi er endurgreitt sem svarar til þess hlutfalls sem fram kemur í umsókn (í mesta lagi 75%). Ekki skal senda afrit af tilboðum, tölvupóstsamskiptum eða úttektarbeiðnum með reikningunum. Þegar um laun er að ræða skal skila inn yfirliti yfir greidd laun þar sem fram kemur nafn/nöfn þeirra sem unnu verkið, fjöldi vinnutíma og heildargreiðsla. Ef um launakostnað er að ræða er hægt að fá 1/3 hluta greiddan við undirritun, 1/3 hluta þegar verkið er hálfnað og afganginn þegar launayfirlit liggur fyrir við lok verksins.

Ef um mörg tæki er að ræða safnar styrkþeginn saman greiðslukvittunum og styrkurinn verður borgaður út þegar allt hefur verið greitt. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði ef nauðsyn ber til.

Innviðasjóður hefur ekki umsýslu með styrkfé að öðru leyti en því að greiða inn á reikning styrkhafa. Standi fleiri en ein opinber stofnun að umsókn þurfa þær innbyrðis að ákveða hver tekur við styrknum og eru umsækjendur ábyrgir fyrir því að styrknum sé deilt milli þeirra sem koma að umsókninni.

Starfsmönnum Rannís eða Ríkisendurskoðunar er heimilt að skoða nánar, án tilefnis, kaupferli, samskipti við seljanda og sundurliðun reikninga eftir að innviður hefur verið keyptur. Grunur um misferli verður undantekningalaust tilkynntur stjórn Innviðasjóðs.

3.5 FRAMVINDUSKÝRSLUR VEGVÍSAVERKEFNA

Með umsókn um innviði á vegvísi skal fylgja stutt framvinduskýrsla vegna fyrri styrkja úr Innviðasjóði. Í skýrslunni skal gera grein fyrir kaupum og uppbyggingu innviða, notkun þeirra og þeim afurðum sem orðið hafa til.

Fyrir innviði sem styrktir voru sem hluti af vegvísisverkefni árin 2025 eða 2026 skal gera stuttlega grein fyrir eftirfarandi:

1. **Innleiðing:** Hvenær voru innviðirnir teknir í notkun eða, ef þeir eru ekki komnir í notkun, hvenær er áætlað að taka þá í notkun?
2. **Aðgengi:** Hvernig hafa innviðirnir verið gerðir aðgengilegir íslensku vísindasamfélagi, t.d. í gegnum Calira?
3. **Notendur:** Hversu margir rannsóknahópar hafa nýtt innviðina frá því þeir voru teknir í notkun? Tilgreinið eftir því sem við á rannsóknahópa við háskóla, rannsóknastofnanir og einkafyrirtæki. Framhaldsnemar og vísindamenn undir sama leiðbeinanda teljast ásamt leiðbeinanda sem einn rannsóknahópur.
4. **Notkun:** Hversu mikið hafa innviðirnir verið notaðir? Þ.e. notkunartímar tækis, fjöldi fyrirspurna fyrir gagnagrunn, eða annar viðeigandi mælikvarði.
5. **Alþjóðlegt samstarf:** Hafa innviðirnir leitt til eða stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf?
6. **Afurðir:** Hvaða afurðir hafa orðið til fram að umsóknardegi sem byggja sérstaklega á notkun þessara innviða? Tilgreinið sérstaklega vísindagreinar og handrit, en einnig aðrar afurðir eftir því sem við á.

4 LEIÐBEININGAR TIL FAGRÁÐSMANNA

Hlutverk fagraðs Innviðasjóðs er að meta umsóknir sem berast sjóðnum út frá vísindalegu gildi innviðanna og líkum á að notkun þeirra skili mælanlegum árangri og ávinningi. Fagrað afgreiðir hverja umsókn með greiningu í styrkleikaflokka og með skriflegu mati og forgangsraðar þeim á grunni hins faglega mats.

4.1 RAFRÆNT MATSKERFI

Fagraðsmenn fá aðgang að rafrænu matskerfi Innviðasjóðs. Þar er að finna allar gildar umsóknir sem bárust sjóðnum, viðeigandi fylgigögn og matsblað fagraðs. Til að fá fullan aðgang að öllum gögnum þarf fagraðsmaður fyrst að samþykka trúnaðaryfirlýsingu og merkja við vanhæfi gagnvart þeim umsóknum sem hann er vanhæfur til að fjalla um. Fagraðsmenn fá ekki aðgang að umsóknum og fylgiskjöllum umsókna sem þeir eru vanhæfir til að meta. Fagraðsmenn merkja einnig við þær umsóknir sem þeir telja sig vera vel hæfa til að meta.

4.2 MATSFERLIÐ

Umsóknum sem berast fagraði er skipt á milli fagraðsmanna. Þrír fagraðsmenn eru skráðir sem lesarar á hverja umsókn, en allir fagraðsmenn eru hvattir til að kynna sér allar umsóknir sem ráðið fjallar um. Fyrsti lesari (ritstjóri) ber ábyrgð á að taka saman drög að mati fagraðsins í samráði við hina tvo lesarana. Leitast er við að dreifa umsóknum sem jafnast á milli fagraðsmanna.

4.3 FAGRÁÐSFUNDIR

Fyrir fagraðsfundi:

Þrír lesarar úr fagraðinu skrifa umsögn og mat á hverri umsókn í rafræna matskerfið. Með hliðsjón af umsögn lesara fagraðsins útbýr fyrsti lesari (ritstjóri) samantekt um styrkleika og veikleika þeirra umsókna sem hann er ábyrgur fyrir.

Á fagraðsfundum:

Á fagraðsfundum kynnir fyrsti lesari umsóknina og eigin umsögn. Að þessu loknu koma annar og þriðji lesari með sínar athugasemdir og fagraðið ræðir matið og gengur frá lokaumsögn. Umsögnin skal vera uppbyggileg og þannig úr garði gerð að umsækjandi hafi sem mest gagn af. Þegar fagraðið hefur rætt allar umsóknirnar er þeim forgangsraðað. Einkunn er gefin í samræmi við heildarmat fagraðsins á umsókninni (Tafla 2).

Tafla 2. Styrkleikaflokkar fagraðs

7 Framúrskarandi (Outstanding)	Framúrskarandi umsókn, nánast gallalaus (Exceptionally strong application with negligible weaknesses)
6 Afbragð (Excellent)	Mjög sterk umsókn með léttvægum ágöllum (Very strong application with only minor weaknesses)
5 Mjög gott (Very good)	Sterk umsókn og góð rannsóknaráætlun (Strong application, generally well-designed) Minniháttar veikleikar, en styrkleikar vegna þyngra (Some weaknesses, but overall merits outweigh shortcomings)
4 Gott (Good)	Góð umsókn en með augljósum veikleikum (Reasonable quality, but with clear weaknesses) Vísindalegt gildi og nýnæmi í meðallagi (Scientific contribution or novelty is moderate)
3 Sæmilegt (Fair)	Umsókn með styrkleika, en meiriháttar takmarkandi veikleika (Some merits, but several significant weaknesses) Takmarkað vísindalegt gildi (Limited impact and competitiveness)
2 Slakt (Weak)	Meiriháttar veikleikar í rannsóknaráætlun, raunhæfi eða áhrifum (Major weaknesses in design, feasibility, or impact) Lítið vísindalegt gildi (Low scientific quality)
1 Áfátt (Poor)	Slök umsókn með meiriháttar veikleika (Very serious flaws)

Eftir fagráðsfundi:

Formaður fagráðs staðfestir lokamat fagráðs og kynnir matsferli og niðurstöður fagráðs fyrir stjórn Innviðasjóðs sem tekur ákvörðun um styrkveitingu.